

Nd.

35. Tillaga

til þingsályktunar

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Björn Jónsson, Ólafur Briem,
Sigurður Gunnarsson, Bjarni Jónsson frá Vogu.

Ráðherra Íslands hefir lagt alt kapp á að koma fram »frv. til laga um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands«, sem mikill meiri hluti þjóðar og þings telur lögfesta Ísland í danska ríkinu. Hann leggur frv. þetta fyrir þingið nú og mælir enn fastlega með því óbreyttu. Hann hefir og gengið þvert í móti vilja íslenskra kjósenda, er hann valdi síðast konungkjörna þingmenn. Enn er það, að þjóð og þing telur ýmsar stjórnarráðstafanir hans vítaverðar.

Fyrir því ályktar deildin að lýsa yfir því, að vegna samvinnu ráðherrans við þingið og eftir sjálfsgöðum þingræðisreglum vænti hún þess, að hann biðjist þegar lausnar.